

VOÐINN OG VÖRNIN.

I.

Ef mannkynið á að geta lifað rjett, verður að byrja á því að líta rjettar á lífið og af meiri víðsýni en hingað til.

Grískur maður, dr. Antoníu, birti í ágúst 1914 spádóm, sem skráður hafði verið árið áður, og þar sem sögð var fyrir styrjöldin mikla 1914—18 og hvernig gangur hennar mundi verða í aðalatriðum. Nú getur sama blaðið, sem þetta er haft eftir (Light 1. apríl þ. á.), um 10 ára gamla telpu, Gertrude Cielon, sem í miðilsástandi spáir mjög stórkostlega. Koma allar hennar spár þar niður, að hræðileg ógæfa vofi yfir mannkyninu og að ekkert geti bjargað, nema „iðrun í sekk og ösku“. Virðast þau bjargráð heldur óefnileg. Segir hið margfróða blað, að úr mörgum áttum öðrum hafi á þessum síðustu tímum komið fram svipaðar feikuspár, „en til allrar hamingju fylgir þeim það fyrirheit, að hinum yfirvofandi voða geti orðið afstýrt, ef menn aðeins geti vitkast svo, að þeir átti sig á því, hvað þeim hefir yfirsjást“. Er þess mjög að vænta, á þeim tímum sem nú eru, að mjög sje spáð og ógurlega mjög, og þó ekki án vonar, og mætti nefna slíkt aldaskiftaspár.

II.

Jeg er eins sannfærður um það nú og jeg var í apríl 1914, að hinn mesti voði sje yfirvofandi, og þó enn ógurlegra um að litast nú en þá. Er mjer nú margt ljósara í þessum efnum en var fyrir 23 árum, og jeg tel ekki nokkurn vafa á því, að þar sem spárnar segja, að voðanum megi afstýra, þá er það rjett, þó að það sje hins vegar mjög lítilsvert sem þær segja um það, hvernig þetta geti orðið. En það er það, sem segja má með vissu, ef vjer getum stuðst við nokkurn skilning á hinn löngu sögu lífsins á jörðu vorri, einsog jarðfræðin kennir oss hana, og dálitla þekkingu á hinn furðulegu sögu lífsins í alheimi, einsog stjörnufræðin kennir oss hana því miður ekki ennþá. Vjer hjer á jörðu þurfum að

Dest. Mbl. 1937

geta þegið þá hjálp, sem íbúar stjarnanna eru af svo miklum áhuga að leitast við að veita oss til þess að komast á rjetta lífsbraut. En það samband, sem til þess er laudsynlegt, getur ekki tekist, fyr en vjer lærum að líta fullkomlega náttúrufræðilega á ýmsar þær verur, sem taldar hafa verið lífa á einhverjum óefnislegum og með öllu óskiljanlegum tilverusviðum. Vjer þurfum með öðrum orðum að skilja, að það eru íbúar stjarnanna, sem vjer eigum að fá samband við, og að þar sem stjörnuheimurinn er, þar er vor eigin framfarabraut um ómælanlegar aldir.

Helgi Pjeturss.